

Reglugerð um vinnmál og löggildingu þeirra.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi fjallar um allar gerðir vinnmála sem notuð eru til að mæla skammta áfengis sem ætlað er til sölu.

2. gr.

Skilgreiningar.

Brúnarmerki eru tvö innsiglismerki sem slegin eru í veltivinnmál til staðfestingar málrúmtaki þess. Þau eru slegin í veltivinnmál þétt við efstu brún þess. Merkin skulu þannig mótuð að unnt sé að sjá hvort sorfið hafi verið af brúninni eftir að vinnmálið hefur verið löggilt. Brúnarmerki skulu vera gegnt hvort öðru.

Frum sannprófun er aðferð til að ganga úr skugga um að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar.

Gerðarviðurkenning byggist á ítarlegri gerðarprófun þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðkomandi tilskipana og reglugerða eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

Glas merkir hér glas eða könnu sem notuð eru til að mæla og selja áfengi.

Heimiluð hámarksfrávik eru stærstu gildi sem leyfð eru fyrir frávik í reglugerðum, stöðlum og öðrum kröfuskjölum fyrir tiltekin mælitæki.

Mæligrunnur merkir áþreifanlega mælikvarða, mælitæki eða mælibúnað til þess að skilgreina, raungera, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

Vinnmál er samheiti fyrir veltivinnmál, vinskammtara og glös.

Vinskammtari er samheiti fyrir hálfsjálfvirka og sjálfvirka vinskammtara fyrir þunnfljótandi áfengi.

Þunnfljótandi telst áfengi sem hefur minna en 5% þurrefnisinnihald, svo sem vodka, viski og brennivín.

3. gr.

Hæfniskröfur.

Löggildingaraðili skal uppfylla þær kröfur sem fram koma í reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Prófunarmaður skal hafa yfir að ráða nægilegri tæknikunnáttu til að annast löggildingar vinnmála og meta ástand þeirra út frá prófunum og skoðunum. Tryggt skal að kunnáttu hans sé við haldið með endurmenntun. Hann skal kunna skil á þeim reglum sem gilda um vinnmál.

Tæknilegur stjórnandi skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa þekkingu á vinnmálum og reynslu af löggildingu þeirra. Undanþágu má gera frá framangreindum skilyrðum um þekkingu og reynslu ef viðkomandi hefur menntun eða starfsreynslu og þjálfun sem faggildingarsvið Löggildingarstofu telur fullnægjandi. Tæknilegur stjórnandi er ábyrgur fyrir öllum löggildingum sem prófunarstofa vinnur.

Tæknilegur stjórnandi og prófunarmaður aðila með B-faggildingu á sviði löggildinga skulu uppfylla sömu hæfniskröfur og prófunarmaður.

4. gr.

Mælitæki notuð við löggildingu.

Öll mælitæki sem löggildingaraðili notar í tengslum við löggildingar vín mála skulu vera kvörðuð og skal kvörðunin rekjanleg til landsmæligrunna á Íslandi.

Vatn notað við prófun skal vera $20 \pm 1^\circ\text{C}$. Vog notuð við prófun skal ekki hafa meiri óvissu en 0,2 g við 30 g en 0,4 g við 60 g. Hitamælir notaður við prófun skal ekki hafa grófari deilingu en $0,2^\circ\text{C}$ við 20°C .

5. gr.

Aðstæður.

Vog, sem notuð er við löggildingar vín mála, skal vera lárétt á stöðugu borði, umhverfi skal vera hreint og loft kyrrt og allar aðstæður skulu vera þannig að þær spilli ekki niðurstöðu vigtnar. Lýsing þarf að vera góð þannig að nákvæmlega megi fylgjast með fyllingu vín mála. Aðstaða skal vera til að stilla flöskum upp með stöðugum hætti þannig að auðvelt sé að taka sýni úr fyllingum sjálfvirkra og hálf sjálfvirkra vín skammtara. Umhverfishitastig skal vera stöðugt og sem næst 20°C .

6. gr.

Löggildingarhæfi.

Ekki er krafist gerðarviðurkenningar eða frumsannprófunar fyrir vín mál en gerð þeirra er lýst í viðauka.

Löggildingarhæfi vín mála er staðfest með því að skoða og prófa hvort gerð og mælifræðilegir eiginleikar vín máls séu í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar. Einkum er um að ræða staðfestingu þess að kröfur um heimiluð hámarksfrávik séu uppfylltar.

Löggildingarstofa metur löggildingarhæfi vín skammtara og veitir heimild til löggildingar á grundvelli tæknilegra gagna og prófana.

Heimiluð hámarksfrávik við löggildingu vín mála eru hin sömu og leyfileg notkunarfrávik. Leyfileg frávik eru:

1. $\pm 1,0$ ml fyrir 3 cl og $\pm 2,0$ ml fyrir 6 cl veltivín mál og $\pm 0,7$ ml fyrir 2 cl og $\pm 1,4$ ml fyrir 6 cl veltivín mál.
2. $\pm 1,5$ ml fyrir 3 cl og $\pm 3,0$ ml fyrir 6 cl vín skammtara og $\pm 1,0$ ml fyrir 2 cl og $\pm 2,0$ ml fyrir 6 cl vín skammtara.
3. 5% fyrir glös með 10 cl málrúmtak eða minna og 3% fyrir glös með meira en 10 cl málrúmtak.

Kerfisbundin misnotkun vikmarka er óheimil.

7. gr.

Löggilding vín mála.

Vín mál má ekki löggilda nema það uppfylli skilyrði um löggildingarhæfi.

Við löggildingu vín mála skal fara eftir verklagsreglum sem Löggildingarstofa hefur samþykkt. Mæla skal rúmtak sérhvers vín skammtara a.m.k. fjórum sinnum.

Veltivín mál eru löggilt með því að löggildingartákn ásamt faggildingarnúmeri prófunarstofu og ártali þess árs sem löggilt er á er slegið í arm þess. Einnig skal slá brúnarmerkin í málið til staðfestingar málrúmtaki. Vín skammtarar eru löggiltir með því að innsigla þá og festa einnig á þá löggildingarmiða þegar því verður við komið. Ártal á löggildingarmiða merkir árið þegar gildistími löggildingar rennur út en ártal á löggildingarhnappi er árið þegar löggilt var. Þegar bæði er settur löggildingarmiði og löggildingarhnappur sem innsigli má sleppa ártali á hnappinum.

Glös sem eru eins að allri gerð eins og lýst er í 3. tölul. viðaukans teljast löggilt.

8. gr.

Tíðni löggildinga.

Ekki má taka veltivínmál eða vínskammtara í notkun án undanfarandi löggildingar.

Veltivínmál verða ekki endurlöggilt en vínskammtara skal löggilda á 3 ára fresti.

9. gr.

Afturköllun löggildingar.

Löggilding vínmáls fellur úr gildi ef:

1. Vínmál skaddast eða bilar.
2. Innsigli er rofið.
3. Frávik við notkun er meira en heimiluð hámarksfrávik.

10. gr.

Skýrslugerð.

Skýrslugjöf til Löggildingarstofu skal vera í samræmi við reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu eftir því sem við á um vínmál.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingu vínmála:

1. Gerð vínmáls.
2. Málstærð vínmáls.
3. Niðurstaða prófunar.
4. Aðstæður.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

11. gr.

Málskot.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 608/2000 um vínmál og löggildingu þeirra.

Viðskiptaráðuneytinu, 24. mars 2006.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

Viðauki

[Hlekkur á reglugerð með viðauka á PDF formi.](#)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.